



2. bekkur

2022- 2023

Handbók/námsáætlun



Flataskóli

Efnisyfirlit

Kennarar árgangsins	3
Sýn kennsluteymis á starfið í árganginum.....	3
Námsmenningin sem við ætlum að skapa	3
Svona birtast einkunnarorð skólans í starfinu (menntun, árangur, ánægja)	3
Lýsing á starfinu í árganginum.....	4
Skipulag kennslunnar	4
Helstu viðfangsefni nemenda.....	4
Náms og skemmtiferðir	4
Vinabekkir.....	4
Fjöldi nemenda og hópaskiptingar	4
Samskipti kennara við foreldra.....	4
Heimanám	5
Skólasókn og viðbrögð.....	5
Fleiri upplýsingar á heimasíðu.....	6
Námsáætlun skólaársins.....	6
Hæfnimiðað nám.....	6
Námsmat	6
Námsáætlun	7

Kennarar árgangsins

Umsjónarkennarar bera meginábyrgð á námi og líðan nemenda í skólanum og því eru foreldrar ávallt beðnir um að hafa fyrst samband við þá ef áhyggjur vakna.

Nafn	Staða/ kennslugrein
Bryndís Rut Stefánsdóttir	Umsjónarkennari
Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir	Umsjónarkennari
Erna Þorleifsdóttir	Sundkennari
Atli Jóhannesson	Íþróttakennari og sundkennari
Hannes Geirsson	Íþróttakennari
Jón Bjarni Pétursson	Íþróttakennari
Jóhanna Guðríður Ólafsdóttir	Heimilisfræði
Margrét Indíana Guðmundsdóttir	Textílmennt
Linda Þorvaldsdóttir	Myndmennt
Rut Ingólfisdóttir Blurton	Hönnun og smíði
Íris Björk Baldursdóttir	Sérkennari
Halla Björg Ragnarsdóttir	Þroskaþjálfari
Aþena Nína Newman Eiríksdóttir	Stuðningsfulltrúi

Sýn kennsluteymis á starfið í árganginum

Andrúmsloft í kennslustofum einkennast af trausti og allir geta notið sín.

Námsmenningin sem við ætlum að skapa

Velliðan og öryggi eru forsendur fyrir því að nám barna eigi sér stað. Við leitumst því við að skapa notalegt umhverfi og vinsamlegt andrúmsloft svo allir nemendur finni þar frelsi til að vera þeir sjálfir og finni til öryggis og ánægju. Skýr markmið og leiðir ásamt uppbyggjandi leiðsögn hvetur nemendur til dáða, eykur sjálfstraust þeirra og ýtir undir jákvæða sjálfsmynd. Við teljum mikilvægt að nemendum verði skapað svigrúm til að sýna frumkvæði í eigin þekkingarleit. Umræður og vangaveltur um námsefnið hvetja nemendur til að finna lausnir og koma hugsunum sínum í orð. Við viljum efla félagsþroska nemenda og vitund þeirra um að þeir eru hluti af stærra samfélagi. Með markvissu hópastarfi þjálfast nemendur í tillitssemi, umhyggju fyrir öðrum og temja sér sáttfýsi.

Leikur er eðlileg námsleið ungra barna og viljum við því efla leikinn í náminu og ýta undir að leikgleði ríki í öllu starfi.

Svona birtast einkunnarorð skólans í starfinu (menntun, árangur, ánægja)

Menntun: Leiðbeina nemendum að setja sér markmið í námi, kynna þeim fjölbreyttar leiðir og hvetja til þrautseigju.

Árangur nemenda endurspeglast m.a. í metnaðarfullu starfi og trú á eigin getu.

Ánægja: Traust og vinsamlegt andrúmsloft skapar velliðan og öryggi sem er forsenda náms.

Lýsing á starfinu í árganginum

Skipulag kennslunnar

Í upphafi dags er athygli vakin á dagsetningu og veðurfari og farið yfir verkefni dagsins. Í upphafi hvernar kennslustundar er nemendum gerð grein fyrir því sem fram undan er, hver markmiðin eru og viðmið gefin um góðan árangur. Leitast er við að hafa vinnuloturnar stuttar og breytilegar til að auðvelda nemendum að halda einbeitingu. Áhersla er lögð á að nálgast viðfangsefnið í gegnum námsleiki samhliða öðru námsefni og í stað þess að úrlausnir séu gefnar, fá nemendur tækifæri til að gera uppgötvanir eftir eigin leiðum. Aðallega vinna tveir eða fleiri saman þó einstaklingsvinna sé einnig viðhöfð. Jafnt og þétt yfir daginn veitir kennari leiðsögn, hvatningu og hrós, bæði fyrir afrakstur vinnu og samskipti við aðra. Í lok dags eru gjarnan lagðir fyrir útgönguleikir sem tengjast námi dagsins.

Stofufundir eru haldnir vikulega. Tilgangur fundanna er að kenna nemendum hvernig hægt er ræða saman í sátt og samlyndi um ýmis mál, skiptast á skoðunum, leita lausna og umfram allt að hlusta á meðan einn talar. Skólaárinu er skipt í nokkrar námslotur þar sem einblítt er á ákveðið þema hverju sinni. Allar námsgreinar fléttast inn í viðfangsefni lotunnar.

Helstu viðfangsefni nemenda

Neðangreind viðfangsefni eru samþætt í öllu námi og styðja þannig hvert annað:

Íslenska: Markviss málörvun, auðga orðaforða, talað mál, framsögn.

Ritun: Orð og málsgreinar. Skapandi skrif (sögugerð og tjáning)

Lestur: Áframhaldandi þjálfun lesfærni. Þjálfsla lesskilning.

Skrift: Að draga rétt til stafs og þjálfsla læsilega rithönd.

Stærðfræði: Talnaskilningur, tölur frá 0 – 100. Samlagning, frádráttur, mælingar, form og tími

Náttúrufræði: Íslensku húsdýrin. Mannslíkaminn. Fjöllin.

Samfélagsfræði: Nærumhverfi mitt; Bærinn minn og „stofnanir“ hans.

Upplýsinga- og tæknimennt: námsforrit, forritun, fingrasetning, netöryggi

Enska: Litir, dagar, tölur 0-10, líkaminn og fjölskyldan

Náms og skemmtiferðir

Ferð með vinaárgangi á Víðistaðatún.

Bókasafn Garðabæjar.

Hönnunarsafn Garðabæjar.

Göngu- og kynnisferðir um Garðabæ í tengslum við þemaverkefnið: Garðabær, bærinn okkar.

Jólaferð í Hellisgerði í Hafnarfirði.

Skíðaferð í Bláfjöll.

Vorferð.

Vinabekkir

Vinabekkur 2. bekkjar er 4. bekkur. Markmið vinabekkjanna er að árgangarnir hittist nokkrum sinnum yfir skólaárið, ýmist innan- eða utandyra, til að mynda jákvæð tengsl, skemmta sér saman og læra hvert af öðru.

Fjöldi nemenda og hópaskiptingar

Í árganginum eru 42 nemendur og unnið er með hann sem eina heild. Nemendum er skipt í tvo umsjónarhópa sem eiga hvor sína heimastofu. Samgangur og samvinna er mikil á milli hópanna. Umsjónarhópar taka breytingum yfir veturinn eftir því sem kennarar meta.

Nemendum er einnig skipt upp þvert á árganginn í list- og verkgreinahópa, sundi og íþróttum.

Samskipti kennara við foreldra

Nám, velferð og vellíðan nemenda er sameiginlegt hlutverk foreldra og skóla og því mikilvægt að samskipti séu opin og upplýsandi.

Umsjónarkennarar senda vikulegan póst í gegnum Mentor með stuttum upplýsingum um það helsta sem gert var í vikunni sem leið. Einnig er mikilvægum skilaboðum komið á framfæri.

Í lok október mun foreldrum verða boðið í skólann í kjölfar þemaloka í náttúrufræði. Þá munu nemendur sýna forráðamönnum afrakstur náms síns um húsdýr og flytja atriði sem þeir áður fluttu í morgunsamveru skólans. Samtalsdagar eru tveir yfir skólaárið, sá fyrri í október og sá síðari í lok janúar. Þá er nemendum og forráðamönnum boðið að koma einslega til samtals við umsjónarkennara.

Þar fyrir utan er mikilvægt að samskipti milli heimilis og skóla séu greið og að mál sem upp kunna að koma verði leyst fljótt og vel í sameiningu, hvort sem er með tölvupósti, símtölum eða fundum.

Á skólaárinu verður einstökum verkefnum nemenda safnað í svokallaða ferilmöppu. Hún verður send heim í nokkur skipti yfir veturinn. Markmiðið er að auðvelda forráðamönnum að fylgjast með námi og framförum barnsins. Mikilvægt er því að eftir afrakstrinum sé tekið og að nemendur fái viðurkenningu og hrós.

Heimanám

Markviss þjálfun bæði heima og í skóla er undirstaða þess að nemendur nái tókum á lesfærni og lesskilningi. Það er því mikilvægt að heimalestri sé sinnt af alúð. Þess er vænst að nemendur lesi heima með fullorðnum í 10 -15 mín., 5 – 7 sinnum í viku. Forráðamenn skrá lesturinn í kvittanahefti. Í heftinu eru einnig nokkur verkefni og þrautir í ritun og stærðfræði sem nemendur vinna vikulega. Ef nemendur og forráðamenn óska eftir meira efni til að æfa heima verðum við við þeirri beiðni.

Skólasókn og viðbrögð

Garðabær hefur sett fram ferla vegna ófullnægjandi skólasóknar nemenda, sjá mynd hér fyrir neðan. Þetta eru þeir ferlar sem við fylgjum í Flataskóla.

Ófullnægjandi Skólasókn

Í grunnskólum Garðabæjar er mánaðarleg greining á förföllum allra nemenda önnur en langtímaveikindi.

Þegar grunur vaknar um skólasóknarvanda/skólaförðun nemanda skal bregðast við með viðeigandi hætti með það að leiðarljósi að veita stuðning.

Ósamfelldar fjarvistir	Veikindi/leyfi
2-7 fjarvistir Umsjónarkennari ræðir við nemanda og aðstandendur hans.	10 dagar eða fleiri Umsjónarkennari hefur samband við aðstandendur. Áætlun um námsframvindu unnin í sameiningu.
8-14 fjarvistir Fundur með umsjónarkennara, nemanda, aðstandendum og skólustjórnanda ef ástæða þykir til.	15 dagar eða fleiri Umsjónarkennari upplýsir skólustjórnendur um stöðu mála, hefur samband við aðstandendur og gerir áætlun um námsframvindu.
15-20 fjarvistir Málinu er vísað til umræðu í nemendaverndarráði.	20 dagar eða fleiri Skólustjórnandi boðar aðstandendur til fundar og vísar málinu til umfjótunar í nemendaverndarráði.
21 eða fleiri fjarvistir Tilkynning send til barnaverndar sem boðar til fundar með viðeigandi aðilum.	Engin breyting til batnaðar á skólasókn Tilkynning send til barnaverndar sem boðar til fundar með viðeigandi aðilum.

Skólum er heimilt að óska eftir vottorði læknis vegna veikinda hvenær sem er í ferlinu.
Upplýsingar um verkferla grunnskóla Garðabæjar varðandi skólasókn má finna á vefsíðum skólanna.

Fleiri upplýsingar á heimasíðu

Upplýsingar sem eiga við um alla árganga skólans er að finna á heimasíðu skólans og í starfsáætlun skólaársins, sjá flataskoli.is Hér fyrir neðan eru slóðir á nokkur atriði.

[Starfsáætlun Flataskóla](#)

[Skóladagatal](#)

[Tilkynningar um forföll nemenda](#)

[Upplýsingar um skráningu í hádegismat](#)

[Viðmið Flataskóla um samskipti heimila og skóla](#)

[Tilkynningar vegna gruns um samskiptavanda/einelti](#) (barna undir er einnig að finna fleiri eyðublöð svo sem umsóknir um leyfi nemenda).

Námsáætlun skólaársins

Hæfnimiðað nám

Í hæfnimiððu námi er unnið að því að nemendur tileinki sér þá hæfni sem stefnt er að. Til að svo megi verða þurfa þau viðfangsefni sem nemendur fást við að stuðla að því. Með því að skoða hæfniviðmið aðalnámskrár gaumgæfilega má sjá hvaða viðfangsefni nemendur þurfa að fást við til að öðlast þá hæfni sem hæfniviðmiðið lýsir. Hæfniviðmið eru sett fram í aðalnámskrá grunnskóla og unnið er með sömu hæfniviðmið í 3-4 ár.

Þegar kennsla er skipulögð er mikilvægt að hún sé tengd hæfniviðmiðum, námsmarkmið séu skýr og viðmið um árangur einnig. Nemendur þurfa að fá endurgjöf á vinnu sína sem hjálpar þeim að ná því sem vantar upp á svo þeir nái þeirri hæfni sem að er stefnt.

Það fyrsta sem ákveðið er hvaða hæfniviðmiðum nemendur eiga að stefna að á tilteknu tímabili og síðan er skoðað hvaða viðfangsefni nemendur þurfa að fást við, hver námsmarkmiðin með vinnunni eru og síðan hugað að þeim leiðum sem farnar verða og hvar og hvernig er metið hvort nemendur hafa náð hæfninni sem stefnt var að. Námsmarkmið og það hvar og hvernig verkefni eru metin birtist í verkefnum nemenda sem verða sýnileg inni í Mentor. Áætlunin sem hér birtist á við um allt skólaárið en henni verður síðan dreift á tímabil inni í Mentor.

Þegar nemendur stefna að tiltekinni hæfni þurfa þeir að fá tækifæri til að sýna fram á hæfni sína á fjölbreyttan hátt. Nemendur geta tekið þátt í því að ákveða hvernig þeir vilja sýna fram á hæfni sína og haft þannig enn virkari áhrif á eigið nám.

Námsmat

Öll birting og utanumhald námsmats er inni í Mentor sem er kerfi sem gerir skólum kleift að halda utan um nám og kennslu og birta foreldrum. Þar geta foreldrar fylgst með námsframvindu barna sinn á svokölluðum hæfnikortum og fengið upplýsingar í gegnum vef eða smáforrit í síma um leið og nýtt námsmat hefur verið skráð.

Kennarar gera námsáætlanir þar sem hæfniviðmið aðalnámskrá koma skýrt fram ásamt því hvernig gera á nemendum kleift að ná þeirri hæfni og hvar og hvernig það verður metið.

Kennarar búa til "námslotur" í Mentor sem ná yfir tiltekin tímabil. Við hverja námslotu tengja þeir þau hæfniviðmið sem unnið verður með og metin eru í lok lotunnar. Námslotur tengjast þeim námssviðum eða viðfangsefnum sem unnið er með hverju sinni.

Nemendum verður aðeins gefið lokamat við lok 4. og 7. bekkjar.

Leiðsagnarmati verðu beitt markvisst í námsferlinu.

[Hér er að finna nánari útskýringar á námsmati skólans og hvernig það er uppbyggt, unnið er mað það og það er birt.](#)

Námsáætlun

Íslenska		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.	Framburður	Hlusta á upplestur Lesið upphátt, samtal
Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.	Frásögn, endursögn	Munnleg tjáning
Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.	Hlustun, athygli, virk þátttaka	Morgunsamvera, sögustund, munnleg tjáning
Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.	Samskipti, félagsfærni, tillitssemi	Samvinna, leikir (leikreglur), umræður og stofufundir
Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.	Umskráning hljóða	Upplestur
Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi.	Lesskilningur, orðskilningur	Auka orðaforða, orðarýni, lesa gæðatexta
Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.	Lestur sem eflir og auðgar	Yndislestur, samlestur
Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi.	Upplýsingaöflun, námstækni	Veraldarvefurinn, bækur, námsforrit
Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.	Lestur og val á bókum eftir áhugasviði	Reglulegar heimsóknir á skólabókasafnið
Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.	Skrift og ritun	Forskrift, sóknarskrift, ritun
Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.	Skapandi skrif	Semja ýmis konar texta
Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.	Greining orða og málsgreina	Ritun og leikur að orðum
Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.	Stafrófið	Þjálfun í að raða í stafrófsröð, bókstöfum

Leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu.	Hugtaka- og orðskilningur, kyn og tala	og orðum Leikur að orðum
Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki.	Merking orða, rím og orðaleikir	Leikur að orðum

Stærðfræði		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði.	Samræður um leiðir og lausnir	Samræður, hugarreikningur
Leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað áþreifanlega hluti og eigin skýringamyndir.	Stærðfræðiþrautir	Samræður og hlutbundin verkfæri
Sett fram, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi.	Tölfræði og myndmál stærðfræðinnar	Gagnasöfnun, flokkun, skráning, innansem utandyra
Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál.	Þekking á tungumáli stærðfræðinnar	Unnið með aðgerðarmerki
Tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir, með því m.a. að nota hlutbundin gögn og teikningar.	Fjölbreytt lausnarleit	Rökræður um leiðir og lausnir, hlutbundin sem og óhlutbundin úrvinnsla
Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á hugmyndum nemenda.	Samvinna byggð á hugmyndum nemenda	Samvinna, rökræður um leiðir og lausnir, hlutbundin sem og óhlutbundin úrvinnsla
Notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og gerir sér grein fyrir verðgildi peninga.	Talnaskilningur og verðgildi peninga	Kennslupeningar, leikir
Notað tugakerfisrithátt.	Tugakerfi	Spil, kennslupeningar og leikir
Reiknað með náttúrlegum tölum á		

hlutbundinn og óhlutbundinn hátt.	Tölur og talnaskilningur	Talnaprautir og leikir
Kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota líkön og hluti.	Mynsturgerð, líkön	Búa til og halda áfram með uppbyggingu mynsturs, þrautir og leikir
Notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu.	Hugtök rúmfræðinnar	Könnun og úrvinnsla forma og rýmis í nærumhverfi, innan- sem utandyra
Unnið með mælikvarða og lögun.	Mælikvarðar	Mælingar: lengd, þyngd, magn, tími
Talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit.	Tölfræði	Gagnasöfnun, flokkun, skráning- innan- sem utandyra
Tekið þátt í umræðum um gagnasöfnun og myndrit, bæði eigin og annarra.	Tölfræði, rökhugsun	Rökræður og skoðanaskipti

Upplýsinga- og tæknimennt		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn.	Samvinnuverkefni	Forritun
Beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningum.	Fingrasetning	Þjálfun í fingrafimi
Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni.	Rafrænt námsefni	Kennsluforrit
Nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna.	Einföld verkefni	Kennsluforrit

Enska		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmennningar sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglunga og greint frá því helsta.	Lífsleikni, vinátta	Stuttmyndir, kennslumyndbönd, leikjaforrit, hreyfileikir
Spurt og svarað á einfaldan hátt		

um það sem stendur honum næst.	Árstíðir, mánuðir, dagar Tölur frá 0 – 10 Líkaminn Fjölskylda	Hlustun, söngtextar, samtöl, leikir, leikjaforrit
Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.	Samskiptaleikir, samtalsæfingar	Leikir, spil, söngtextar

Samfélagsfræði/Náttúrufræði		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.	Virðing og kurteisi, lífsleikni	Stofufundir, hópefli, samskiptaleikir
Sagt frá einkennum og sögu heimabyggðar og tengslum við önnur svæði á Íslandi	Samfélag og nærumhverfi	Vettvangsferðir, tjáning
Gert sér grein fyrir nokkrum einkennum þess að náttúrufrar breytist vegna ytri áhrifa.	Árstíðir	Námsumhverfi innan- og utandyra, veðurathuganir, sögur, ljóð, söngvar
Gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni.	Samfélag og nærumhverfi, gildi hreinnar náttúru	Vettvangsferðir, flokkun, umhirða
Bent á nokkrar mikilvægar stofnanir samfélagsins.	Samfélag og nærumhverfi og hlutverk stofnana	Umræður, vettvangsferðir, úrvinnsla
Áttað sig á að hann er hluti af stærra samfélagi.	Einstaklingur og samfélag	Umræður, vettvangsferðir, úrvinnsla
Varast hættur á heimili sínu og í nágrenninu.	Umferðarmerki og reglur Umferðaröryggi	Umferðarskilti og – reglur, öryggisbúnaður
Áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði.	Líkaminn, tilfinningar og líðan Sjálfsþekking	Umræður, munnleg- og leikræn tjáning, klípusögur, vináttukassi Barnaheilla
Sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni.	Athuganir, rannsóknir	Athuganir innan- sem utandyra, skráningar, sáning fræja, myndlíkön
Aflað sér upplýsinga er varða náttúruna.	Upplýsingaöflun, athuganir, rannsóknir	Upplýsingatækni (ipadar, smásjár), bækur, kennslumyndbönd, utan- sem innandyra
Útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannlíkamans.	Líkaminn	Þemaverkefni

Sjónlistir(myndmennt)		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<ul style="list-style-type: none"> • Skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum. • Tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt. • Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki. • Þekkt og gert grein fyrir völdum verkum listamanna. Lýst þeim og greint á einfaldan hátt yrkisefnið og lýst þeim aðferðum sem beitt var við sköpun verksins. • Unnið út frá kveikju við eigin listsköpun. 	<ul style="list-style-type: none"> • Myndverk • Tjáning • Vinnuferli/þróun • Listamaður • kveikja 	<ul style="list-style-type: none"> • Gera myndverk með þekjumálningu, málningapennum og sharpie. • Spjall um verkin sín í tímanum og svo í lok lotunnar um ferlið sem nemandinn fer í gegnum, hvaða tilfinningar o.,s.,fv. Koma í sköpuninni. • Nemandinn lýkur lotunni með yfirferð yfir verkin sín og útskýrir hugmyndina sína/verkið. • Nemandinn fær fræðslu um listamanninn Emma Blyth og talar í óformlegu spjalli um listamanninn við hópinn • Nemandinn fær kveikju/listamann Emma Blyth og gerir verk í hennar/sínum anda.

Smíði		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.</p> <p>Valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt.</p> <p>Gert grein fyrir nokkrum smíðaeffnum sem unnið er með.</p> <p>Framkvæmt einfaldar samsetningar.</p>	<p>Notkun og val á verkfærum.</p> <p>Þekking á smíðaeffnum</p> <p>Samsetningar</p> <p>Skissuteikning</p>	<p>Nemendur læra skissuvinnu með því að þurfa að teikna upp hugmynd sína um naglaskrímsli á blað og yfirfæra á tréplötu.</p> <p>Nemendur læra að nota verkfærið hamar með því að negla röð af nöglum á mynd sem þeir hafa teiknað á tréplötu. Myndina lita/mála þau og þræða síðan spotta á milli naglanna.</p> <p>Nemendur læra um smíðaeffni með því að skoða trjátegundir með kennara.</p> <p>Nemendur læra einfaldar samsetningar með því að setja saman einfaldan myndastand sem límdur er saman með trélími (heitt lím er notað í tímaþróng).</p>

Skólaíþróttir og sund		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Gert æfingar sem reyna á þol.	Þolæfingar	Þjálfa upp þol með hlaupaleikjum/stöðvapjálfun og í sundi. Ræða við nemendur og fá þá til að tileinka sér þrautseigu þegar kemur að því að reyna

Kafað, velt sér af kvið á bak og öfugt og tekið þátt í leikjum í vatni.	Æfa að kafa, fljóta og þáttaka í leikjum.	líkamlega og andlega á sig. Venja nemendur áfram á sundlaugina. Leikir, kafað og flot. Sýnikennsla í sundi og annar kennarinn ofan í laug til að aðstoða við hreyfifærni og sundtök.
Synt sporðtök, bringusund, skólabaksund, baksund og skriðsund með eða án hjálpartækja stuttar vegalengdir.	Skriðsund, bringusund og baksund	Kennsla í sundi, fótatakið, armtakið, öndun, taktur og rennsli æft. Sundaðferðir brotar upp og einnig æft í heild sinni.
Unnið með þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leikjum.	Tilfinningar í leikjum.	Umræða fyrir og eftir leik. Inngrip í miðjum leik ef þörf þykir. Tekin sýnidæmi um rétt og röng viðbrögð. Rætt um hvað einkennir íþróttamannslega hegðun.
Skilið skipulagshugtök í skólaíþróttum og farið eftir leikreglum.	Skipulagshugtök	Æfa að standa í röð og setjast á línurnar í upphaf tímans. Fylgja fyrirmælum kennara og leikreglum.
Tekið þátt í gömlum íslenskum leikjum og æfingum.	Þáttaka í leikjum	Farið ítrekað yfir reglur og útfærslur í ýmsum leikjum. Virkja nemendur til þátttöku og skemmtunar í leik. Sýnikennsla og leikir æfðir reglulega til að nemendur framfylgi leikreglum og njóti þessa að taka þátt.

Heimilisfræði		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> -útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir -fer eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif. -tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir Íslendinga, siði sem 	<p>Hvað í hæfniviðmiðinu er það sem nemandinn lærir</p> <ul style="list-style-type: none"> -vinnur eftir einfaldri uppskrift með aðstoð -notar mæliskeiðar og dl mál -tengsl hreinlætis og þrifa við heilsufar -getur sýnt og sagt frá hvernig á að haga sér við matarborð, kynnst 	<p>Hvernig gerir hann það?</p> <ul style="list-style-type: none"> -nemandi útbýr einfalda rétti með aðstoð kennara/nemanda þar sem hann vinnur eftir einfaldri uppskrift, notar mæliskeiðar og dl mál -nemandi lærir tengsl hreinlætis og þrifa við heilsufar með því að vinna verkefni í vinnubók. -nemandi gerir lítinn leikþátt (hópavinna) sem sýnir hvernig á að sitja til borðs, hvað felst í jákvæðum

þeim fylgja og þjóðlegan mat	helstu hátíðum Íslendinga og kynnast réttum nokkrum sem tengist einni hátíð.	samskiptum og útbúa einfaldan rétt sem tengist einni hátíð.
------------------------------	--	---

Textílmennt		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum.</p> <p>Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt.</p> <p>Sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt.</p>	<p>Þæfing ullarkembu</p> <p>Notkun á viðeigandi áhöldum</p> <p>Saumur</p> <p>Skreyting, persónulegt val.</p> <p>Þekking á íslensku ullinni og eiginleikum hennar</p>	<p>Nemendur:</p> <p>Gera myndaramma úr íslenskrí ullarkembu og þjálfast í að þæfa á tvo mismunandi vegu</p> <p>Fá sýnikennslu og fræðslu um ullina þæfingu</p> <p>Nemendur þjálfast í handsaumi og að skreyta verkefnið sitt eftir sínum smekk</p>

Lykilhæfni		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p>Tjáð hugsanir og skoðanir sínar og sett þær fram á viðeigandi hátt.</p> <p>Hlustað eftir upplýsingum og rökum í samræðum.</p> <p>Gert sér grein fyrir að iðulega er hægt að komast að fleiri en einni niðurstöðu við úrlausn verkefna og að læra má af mistökum og nýta það á skapandi hátt.</p> <p>Unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á.</p> <p>Tekið jákvæðan þátt í leik og starfi í skólasamfélagi sínu.</p> <p>Leitað sér upplýsinga í námi í ólíkum miðlum.</p> <p>Sett sér með aðstoð markmið í námi.</p>	<p>Tjáning</p> <p>Hlustun og umræður</p> <p>Lausnarleit, gagnrýnin hugsun, þrautsegja, vaxandi hugarfar</p> <p>Sjálfsbjörg/sjálfstæði/ábyrgð</p> <p>Virk þátttaka, samvinna, félagsfærni,</p> <p>Upplýsingaöflun, námstækni</p> <p>Markmiðssetning</p>	<p>Frásögn, munnleg og skrifleg verkefni</p> <p>Stofufundir</p> <p>Samvinnuverkefni, stofufundir, leikir</p> <p>Fjölbreytt verkefni, rökræður, endurtekningar/tilraunir/prófanir</p> <p>Val verkefna, markmiðssetning, tímastjórnun</p> <p>Fjölbreyttir samvinnuleikir og verkefni, allir gegna hlutverki</p> <p>Veraldarvefurinn, bækur, námsforrit</p> <p>Skýr fyrirmæli, tilgangur og markmið verkefna ljós</p>